

Ídag íkvöld

Vinsælustu kvikmyndir liðins árs í Osló:

# „Kramer gegn Kramer“ hlaut mesta aðsókn

Þrjár myndir fengu á annað hundrað þúsund áhorfendur

„Kramer gegn Kramer“ var sú kvikmynd, sem mesta aðsókn hlaut í kvikmyndahúsum Osló-borgar á síðasta ári samkvæmt upplýsingum norskra dagblada. Þá mynd sáu um 172 þúsund manns þar í borg og tekjurnar námu um 2.8 milljónum norskra króna.

Í öðru sæti hvað aðsókn snerti varð kvikmynd Lasse Abergss „Selskapsreisen“, sem sýnd hefur verið hér á landi. Þá mynd sáu um 136 þúsund manns.

„10“ kom svo í þriðja sæti með um 117 þúsund áhorfendur. Þessar þrjár myndir báru af öðrum um aðsókn og voru þær einu sem fengu yfir 100 þúsund áhorfendur.

Næstar í röðinni voru eftirtaldir myndir:

„Being There“ með Peter Sellers, 70 þúsund áhorfendur.

„The Shining“ Stanley Kubricks, 60 þúsund áhorfendur.

„Life og Brian“, sem er



Faðir og sonur: Ted Kramer (Dustin Hoffman) og Billy sonur hans (Justin Henry) í „Kramer gegn Kramer“.

## Kvikmyndir



Umsjón:  
Elias Snæland Jónsson.

Monty Python-mynd. 58 þúsund áhorfendur.

„Flóttinn frá Alkatraz“ með Clint Eastwood, 54 þúsund áhorfendur.

„Manhattan“ eftir Woody Allen 53 þúsund áhorfendur.  
Kvikmyndin „1958“ eftir Odd-

var Bull Tuhus var sú norska mynd, sem besta aðsókn hlaut og var hún í tíunda sæti.

Af þessum kvikmyndum, sem Osló-búar sóttu mest á síðasta ári, hafa þrjár verið sýndar í kvikmyndahúsum hérlendis til þessa. —ESJ

## Fjórar sýningar opna í einu á Kjarvalsstöðum

A Kjarvalsstöðum verða opnaðar hvorki meira né minna en fjórar sýningar nú um helgina. Í Kjarvalssal verður sýning á teikningum eftir sænska málarrann Carl Fredrik Hill en sá var samfundamaður Strindbergs. Þá verða tvær hollenskar sýningar á göngum Kjarvalsstaða annars vegar skartgripasýning og hins vegar sýning á grafíkmyndum. Loks er að geta sýningar hópsins Vetrarmyndar, sem verður í Vestursal Kjarvalsstaða en það er samsýning 11 íslenskra listamanna.

Í blaðinu á morgun verður fjallað um íslensku sýninguna.

—KÞ

## „Þriðja sinn sem við fáum hollenskar far- andssýningar hingað“

— segir Hans Kristján Árnason

„Þessar sýningar eru skipu lagðar af hollenska menningar- málaraðuneytinu, en þeir hafa verið mjög áhugasamir að senda okkur slíkar farandsýningar og ei þetta í þriðja sinn á einu ári,“ sagði Hans Kristján Árnason ræðismaður Hollands á Íslandi, samtali við Vísi, en hann er í svari fyrir hollensku sýningunum tveim.

Sýningarnar, sem hér um ræðir, eru annars vegar skartgripssýning og hins vegar sýning á grafíkmyndum. Aður hafa verið hér á landi á vegum Hollendinga sýning á verkum grafíklista-

mannsins Escher sem haldin var á síðastliðnu vori og svo sýning á veggskúlpúr, en með þeirri sýningu má segja að Nýlistasafnið hafi hafið starfsemi sína á alíðnu sumri.

„Á skartgripasýningunni er að sjá sýnishorn af nútímaskartgripagerð Hollendinga,“ sagði Hans Kristján, „hér er að finna verk eftir 19 unga listamenn og öll eru verkin unnin á síðastliðnum áratug. Skartgripirnir eru unnir úr sérkennilegum efnum, og formin eru óvenjuleg. Hér eru skartgripir úr gúmmí, tré, plasti, áli og kopar svo eitthvað sé nefnt.“

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

### Blindisleikur

8. sýning í kvöld kl.20  
Gul aðgangskort gilda.  
laugardag kl.20  
sunnudag kl.15

### Oliver Twist

Frum-sýning laugardag kl.15  
sunnudag kl.15

Míðasala 13.15-20.  
Sími 1-1200

## LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

### Að sjá til þín, maður!

í kvöld kl.20.30  
allra síðasta sinn

### Rommi

laugardag uppselt  
fimmtudag kl.20.30

### Ofvitinn

sunnudag kl.20.30  
miðvikudag kl.20.30

Míðasala í Iðnó kl.14-20.30




### Austurbæjarbíói

Míðasala í Austurbæjarbíói  
kl.16-21.30.  
Sími 11384

## Kópavogssleikhúsið



### Hinn geysivinsæli gamanleikur



## Þorlákur preytti

Sýndur á ný vegna fjölda áskoranna og óstöðvandi aðsóknar, laugardag kl.20.30.

Sprenglægileg skemmtun fyrir alla fjölskylduna

Míðasala í Félagsheimili Kópavogs frá kl. 18-20.30 nema laugardaga frá kl. 14-20.30. Sími 41985.

Ath. hægt er að panta miða allan sólarhringinn í gegnum sjálfvirkann símsvara, sem tekur við miðapöntunum.



### Óvætturinn



In space no one  
can hear you scream.

Allir sem með kvikmyndum fylgjast þekkingu „Alien“, ein af best söttu myndum ársins 1979. Hrottalega spennandi og óvenjuleg mynd í alla staði og auk þess mjög skemmtileg, myndin skeður á geimöld án tíma eða rúms. Aðalhlutverk: Tom Skerritt, Sigourney Weaver og Yaphet Kotto.

Íslenskir textar.  
Bönnuð fyrir börn yngri en 16 ára.  
Sýnd kl. 5, 7.15 og 9.30.



### Sími 50249 Hörkutólið

(True Grét)  
Hörkuspenndandi mynd, sem John Wayne fékk Óskarsverðlaun fyrir að leika í.  
Sýnd kl. 9.

## TÓNABÍÓ

Sími 31182

### HAROLD ROBBINS'

## The Betsy



Spennandi og skemmtileg mynd gerð eftir samnefndri metsölibók Harold Robbins. Leikstjóri: Daniel Petrie Aðalhlutverk: Laurence Olivier, Robert Duvall, Katherine Ross.  
Sýnd kl.5 - 7.30 og 10.  
Bönnuð börnum innan 16 ára.

## AUSTURBÆJARBÍÓ

Sími 11384

„10“



Heimsfræg bráðskemmtileg ný, bandarísk gamanmynd í litum og Panavision. International Film Guide valdi þessa mynd 8. bestu kvikmynd heimsins s.l. ár. Aðalhlutverk: Bo Derek, Dudley Moore, Julie Andrews. Tvímálalaust ein besta gamanmynd seinni ára.  
Sýnd kl. 5, 7.15 og 9.30. Ísl. texti Hækkað verð

## LAUGARAS BÍÓ

Sími 32075

### XANADU



Viðfræg og fjörug mynd fyrir fólk á öllum aldri, sýnd í Dolby Stereo.  
Sýnd kl. 5 og 7.

### A sama tíma að ári



They couldn't  
have celebrated happier  
anniversaries if they  
were married to  
each other.

Ellen Burstyn  
Alan Alda

„Same Time,  
Next Year“

Ný bráðfjörug og skemmtileg bandarísk mynd gerð eftir samnefndu leikriti sem sýnt var við miklar vinsældir í Þjóðleikhúsinu fyrir nokkrum árum. Aðalhlutverkin eru í höndum úrvalsleikaranna: Alan Alda (sem nú leikur í Spítalalíf) og Ellen Burstyn. Íslenskur Texti.  
Sýnd kl. 9 og 11.

## BÆJARBÍÓ

Sími 50184

### Gleiddagar með Gög og Gokke

Amerísk grínmyndasýrpa með hinum stórkostlegustu grínleikurum allra tíma Stan Laurel og Oliver Hardy Hlaturinn lengir lífið.  
Góð skemmtun  
Sýnd kl.9.